

Fundur í fjallskilanevnd í Végarði 3. september 2022 kl. 20

Mættir voru: Þorvarður Ingimarsson, fjallskilastjóri, Anna Bryndís, varafjallskilastjóri, Hjörleifur Kjartansson og Matthildur Þórðardóttir. Gunnar Jónsson mætti nokkru síðar vegna tafa á flugi.

Þorvarður setti fund.

1. Jafnað niður í göngur. 144 dagsverkum jafnað á 4.503 kindur, sem gerir 31,3 kindur í dagsverki
2. Gangnastjórar eru skipaðir:
 - Í Rana Hallgrímur Þórhallsson
 - Undir Fellum Gunnar Jónsson
 - Á Múla Hjörleifur Kjartansson
 - Á Gilsárdal, Villingadal og Flatarheiði Jósef Valgarð
 - Á Kiðafell Jósef Valgarð
 - Í Útheiði Eiríkur J. Kjerulf

Rekstrarstjóri með fénu út Norðurdal Guðmundur Pétursson
Réttarstjóri á Melarétt Hörður Guðmundsson. Til vara Þorvarður Ingimarsson.

Lagt verður af stað í fyrstu göngu undir Fell mánudag 12. september; í Rana þriðjudag 13. sept. Stefnt er að smölun á Hraunum og Kiðafelli laugardag 10. september og fyrstu göngu á Múla 15. til 19. september. Útheiði verður smöluð föstudag 16. september.

Fjallskilanevnd óskar eftir því að smölun á Hraunum, 4 dagsverk, verði greidd af sveitarfélaginu eins og verið hefur.

3. Réttardagur 2023 verður 16. september.
4. Önnur fjallskilamál

Réttað verður í Melarétt laugardag 17. september.

Rekstur úr safnhólfi hefst kl. 11

Byrjað verður að rétta um kl. 12.

Fjallskilastjóra falið að athuga með veitingar í Pilsvangi.

Óskað er eftir að sveitarfélagið greiði fyrir flutning á fé úr aðliggjandi sveitum, líkt og verið hefur. Ennfremur að taxtar vegna fjárflutninga verði endurskoðaðir og yfirfarnir af sveitarstjórn.

Flutningur á fé skal vera í samráði við og með samþykki fjallskilastjóra óski menn eftir að sveitarfélagið greiði fyrir hann.

Fjallskilanefnd ítrekar að gangnastjórar skili inn dagbók til fjallskilastjóra fyrir 1. nóvember þar sem fram kemur dagsetning gangnadaga, hverjir voru gangnamenn, fjárfjöldi sem smalað var og hvernig til tókst með gönguna.

Jafnframt óskar nefndin eftir upplýsingum frá bændum um fjölda utansveitarfjár, sem kemur fyrir á bæjum við smölun á heimalöndum.

Fjallskilanefnd hvetur gangnamenn til að vera með talstöðvar og að vera í sjálflýsandi vestum í göngum.

Rétt er að minna menn á að fylgjast með veðurspám og vera við því búinir að fara með stuttum fyrirvara til fjalla ef ástæða þykir til.

Bjarki Sigurðsson hefur unnið við Melarétt og er búinn að laga Meladilkinn og Felladilkinn. Nauðsynlegt er að halda áfram endurbótum og hleðslu á Melarétt.

Fjallskilanefnd samþykkti ósk til sveitarstjórnar um að Melarétt verði endurbyggð og henni haldið við sem merki menningarverðmætum.

Úr drögum að nýrri fjallskilasamþykkt:

IV. kafli. Um fjallskil að hausti.

14. gr. „Haustgöngur skulu hefjast svo fljótt í september sem þurfa þykir. Þó skal ekki hefja göngur í neinni fjallskiladeild fyrr en haft hefur verið samráð við aðliggjandi fjallskiladeildir, svo að samsmölun geti farið fram. Þá skal fyrsta lögrétt aldrei vera seinna en um síðustu helgi í september, og ber að haga gangnadögum í samræmi við það. Ganga skal afréttir, upprekstrarheimalönd og önnur heimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju, og **skal annarri göngu lokið eigi síðar en 15. október.**“

16. gr. ... „Hver bóndi eða jarðeigandi, hvaða búskap sem hann stundar, er skyldur að taka þátt í smölun síns heimalands þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eða umráðamenn eyðijarða, þó þeir eigi þar ekki fjár von. Samhliða göngum skulu eigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.

